



## FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 11. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** miðvikudag. 28.02.10 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður
- Boðuð forföll:** Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður  
Theodóra Ólafsdóttir (TÓL) starfsmaður
- Fjarverandi:**
- Fundarritari:** RP

**Helstu mál:** Norræni fundurinn, útbreiðsla, fjölmiðlar

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 9 og 10. fundar 2009-2010 samþykkt.

#### 2. Norræni fundurinn

TÓL hefur verið að skoða mögulega gisti- og fundarstað. PI dreifði upplýsingum um 7 staði. Verð og gæði þóttu best í Keflavík og varð Flughótel Icelandair Hotels fyrir valinu en Hótel Keflavík til vara.

#### 3. Útbreiðsla

Hlíðarskóli virðist hafa lítinn áhuga á að taka þátt í kynningu á Keilu. Rætt var um að reyna að fá fleiri skóla í nágrenni Öskjuhlíðar til að taka þátt í verkefninu. PMP spurði hvernig styrkjamálum er háttað. Er hægt að fá styrki til að efla útbreiðsluna? Lagt var til að talað yrði við Lísu og fá krakka frá Lindaskóla í kynningu og jafnvel aðra skóla í Kópavogi. Möguleiki á að fara í Frístundarheimilin var ræddur en hópurinn þar er talinn of ungur til að það sé mögulegt.

#### 4. Fjölmiðlar

Það litla sem áður kom í MBL er hætt að birtast. Það þarf að senda allar upplýsingar til íþróttafréttamanna, helst daglega. Bæði úrslit og það sem er á döfni.

#### 5. Önnur mál

Bréf frá vegna kvenna landsliðsmála. PI ræddi málið við formann Landsliðsnefndar um að svara bréfinu sem fyrst. Umræða var um málið. Spurt var hvort erindi sem þetta eigi að fara á heimasíðu KLÍ sem er upplýsingavefur KLÍ en keila.is hefur í gegnum tíðina verið fyrir almenna umræðu. PI mun staðfesta móttöku á bréfinu og láta vita af því að svar muni berast hið fyrsta.

Fyrirspurn kom frá nefndarmanni í Tækninefnd um ákvörðun um olíuburð fyrir Íslandsmót einstaklinga m.forgjöf þar sem ekki hafði verið haft samband við hann. PMP sagði að það hefði verið skoðun í gangi með olíuburð sem síðan kom í ljós að ekki væri hægt að nota. Það hafi því þurft að fara snögglega í að finna annan olíuburð. Í framhaldinu kom upp umræða um hvernig nefndin væri mönnuð og að það þyrfti að uppfæra þær upplýsingar á heimasíðu KLÍ.

## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

---

RÞ bendi á að Íslandsmeistaramót einstaklinga m.forgjöf byrjaði næstu helgi og að mótanefnd þyrfti hjálp við mótshald þar sem einungis 3 væru eftir í nefndinni. Vel var tekið í þá beiðni. Í framhaldinu var umræða um möguleika á félögin létu vita af því fyrirfram fyrir hverja þau borguðu þáttökugjald og hvort hægt væri að vera með posa á staðnum til að einfalda innheimtu á þáttökugjöldum.

Ekki var ákveðin tímasetning á næsta fundi.